



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar 73. mál, nánar tiltekið þingskjal 73, um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18-24 ára, sem lögð hefur verið fram á 131. löggjafarþingi 2004 – 2005.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að ungir fangar eru sérstaklega viðkvæmur hópur sem ekki er æskilegt að afpláni dóma í samneyti við eldri afbrotamenn sem geti haft á þá slæm áhrif og að líta ber svo á að við afplánun ungra fanga sé sérstaklega unnið að því að koma í veg fyrir frekari afbrot. Mannréttindaskrifstofan tekur í sama streng, en í umsögn skrifstofunnar um fullnustufrumvarpið, 336. mál, sem lagt var fram nýlega, voru gerðar athugasemdir við ákvæði er vörðuðu vistun ungmenna með fullorðnum fögum. Um 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins segir m.a.:

Í þessari grein þyrfti að taka skýrar af skarið með að ungir brotamenn ættu ekki að afplána refsingu með fullorðnum fögum, sbr. 10. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (þrátt fyrir fyrirvara Íslands við þetta ákvæði þegar samningurinn var staðfestur), en þar kemur fram að ófullveðja brotamenn skulu aðskildir frá fullorðnum mönnum og sæta meðferð sem hæfir aldri þeirra og réttarstöðu. Væri æskilegt að afmarka nánar í frumvarpinu meðferð ungra fanga. Markmið afplánunar ætti fyrst og fremst að vera betrun og félagsleg endurhæfing fanga – sbr. 3. mgr. 10. gr. fyrrnefnds samnings - enda verður ætíð að hafa í huga að flestir ef ekki allir snúa þeir til þjóðfélagsins á ný að afplánun lokinni. Því ber að hafa í huga þau áhrif sem eldri fangar kunna að hafa á unga fanga sem ekki hafa áður komist í kast við lög. Sérstaklega þyrfti að hvetja unga fanga til náms eða starfsþjálfunar meðan á afplánun stendur og aðstoða þá til þess, t.d. m.t.t. móðurmáls, námsörðugleika eða fítlunar, og stuðla þannig að því að fangelsisvistin geti orðið þeim uppbyggileg að því marki sem unnt er.

Mannréttindaskrifstofan fellst á röksemdir þær sem settar eru fram í greinargerð og telur að sérdeild fyrir afbrotamenn á aldrinum 18–24 ára yrði gæti orðið jafnt ungum afbrotamönnum, sem samfélaginu í heild, til hagsbóta. Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar því efni þingsályktunartillögunnar og lætur í ljós þá von að hún nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Reykjavík 11. apríl 2005.

Guðrún D. Guðmundsdóttir, frkv.stj.